

2014

Hagtölur Fjarðabyggðar

Hagtölur Fjarðabyggðar eru gefnar út af stjórnsýslu- og þjónustusviði. Víða er leitað fanga við gagna- og efnisöflun, bæði í gagngrunnum sveitarfélagsins, Hagstofu Íslands, Byggðastofnunar og víðar. Útgáfunni er ætlað að veita aðgengilegar upplýsingar um helstu lykiltölur og hagstærðir sveitarfélagsins. Hagtölur Fjarðabyggðar eru einnig birtar á vef sveitarfélagsins, fjardabyggd.is ásamt uppfærslum þar sem það á við og nánari upplýsingum.

Fjarðabyggð, stjórnsýslu- og þjónustusvið.
Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð.

Bráðabirgðaútgáfa, 2014.

Efnisyfirlit




Íbúapróun og þjónusta	4
Efnahags- og atvinnulíf	6
Vinumarkaður	10
Íbúðar- og atvinnuhúsnæði	11
Framkvæmdir og fjárfestingar	12
Samgöngur og fjarlægðir	14
Lykiltölur í rekstri	15




Íbúapróun og þjónusta

Fjarðabyggð er austasta sveitarfélag landsins, staðsett miðsvæðis á Austfjörðum. Sveitarfélagið er á meðal þeirra yngstu á landinu, myndað úr 13 sveitarfélögum alls sem sameinuðust í fjórum áföngum á árunum 1988 til 2006.

Í síðustu sameiningunni, sem fram fór samhliða sveitarstjórnarkosningum árið 2006, sameinuðust Fjarðabyggð eldri, Austurbyggð, Mjóafjarðarhreppur og Fáskrúðsfjarðarhreppur. Í megindráttum samanstóð Fjarðabyggð eldri úr þeim hreppum og kaupúnum sem myndast höfðu á Norðfirði, Eskifirði og Reyðarfirði og nágrenni. Austurbyggð var á hinn bóginn mynduð á grunni sveitarfélaga við Stöðvarfjörð og Fáskrúðsfjörð, að Fáskrúðsfjarðarhreppi undanskildum.

Fjarðabyggð er fjölkjarna sveitarfélag með um 4.700 íbúa í sex þéttbýliskjörnum, sem eru frá norðri til suðurs Mjóifjörður, Norðfjörður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður. Fjölmennasti bæjarkjarninn er á Norðfirði með um 1.400 íbúa. Næst fjölmennastur er Reyðarfjörður með um 1.200 íbúa. Á Eskifirði eru liðlega 1.100 íbúar, á Fáskrúðfirði um 750 íbúar og á Stöðvarfirði búa um 200 manns. Í byggðakjarna Mjóafjarðar eru 26 íbúar. Á meðan uppbyggingu Alcoa Fjarðaál stóð fjölgaði íbúum umfram fastbúsetta nokkuð.





Efnahags- og atvinnulíf




Atvinnulíf í Fjarðabyggð hvílir á tveimur meginstöðum eða annars vegar útgerð og vinnslu sjávarafurða og hins vegar álfraframleiðslu.


Álver Alcoa Fjarðaáls tók til starfa í Reyðarfirði árið 2007 og var fullum afköstum náð um ári síðar. Útflutningur um Fjarðabyggðahafnir jókst við það um riflega helming. Á heildina litið nam útflutningur um Fjarðabyggðarhafnir um þriðjung af heildarútflutningi landsmanna í magni talið á árinu 2013.

Fjarðabyggðarhafnir eru önnur stærsta höfn landsins, næst á eftir Faxaflóahöfnum í heildarútflutningi á vörum. Ef litið er til útflutnings á sjávarafurðum og áli þá var útflutningur um Fjarðabyggðarhafnir ívið meiri á árinu 2013.

Ef litið er til löndunar á fiskveiðiafla hefur hlutdeild Fjarðabyggðarhafna verið á bilinu 22% til 26% af heildarafla. Innan Fjarðabyggðarhafna eru sjö hafnir starfræktar. Umsvif eru mismikil eftir höfnum. Mjóafjarðarhöfn er með minnstu höfnum á landinu. Norðfjarðarhöfn er aftur á móti með stærstu fiskihöfnum landsins. Hefur höfnin um árabíl verið á meðal aflahæstu hafna.


Á árinu 2013 nam landaður heildaraflí í Fjarðabyggðarhöfnum 343.788 tonnum. Þar af var 222.494 tonnum landað á Norðfjarðarhöfn, 88.971 tonnum á Eskifjarðarhöfn og 42.520 tonnum á Fáskrúðsfjarðarhöfn. Reyðarfjarðarhöfn, Stöðvarfjarðarhöfn og Mjóafjarðarhöfn voru með samtals um 16 þúsund tonn, þar af er hlutur Reyðarfjarðarhafnar rúm 10 þús. tonn.







Heildarvelta fyrirtækja í Fjarðabyggð nam 148.680 mió. kr. á árinu 2013 á verðlagi þess árs og hafði þá dregist ívið saman frá því á árinu áður, þegar heildarveltan nam liðlega 149.100 mió. kr. á verðlagi ársins.


Veltutölur þessara tveggja ára, 2012 og 2013 námu um 90% af heildarveltu fyrirtækja á Austurlandi. Þetta háa hlutfall má að verulegu leyti rekja til hlutar Alcoa Fjarðaáls í heildarveltu fyrirtækja á Austurlandi.



Vægi álframleiðslunnar kemur einnig berlega í ljós ef fyrirtækjavelta er skoðuð á milli bæjarkjarna í Fjarðabyggð. Hlutar Reyðarfjarðar vegur þar lang mest. Að öðru leyti endurspeglar veltuskiptingin ágætlega mismunandi stærð bæjarkjarna eftir íbúafjölda. Að fyrirtækjum á Reyðarfirði (730) undanskildum er velta hæst á Norðfirði (740), næsthæst á Eskifirði (735) og þriðja hæst á Fáskrúðsfirði (750). Fjórðu hæstu veltutölurnar eru á Stöðvarfirði (755). Lestina rekur síðan Mjóifjörður (715), minnsti þéttbýliskjarni sveitarfélagsins.



FJÖLDI FYRIRTÆKJA EFTIR ATVINNUGREIN




Umsvifamikil þjónustustarfsemi er rekin í Fjarðabyggð í tengslum við útgerð, fiskvinnslu og álframleiðslu. Í megindráttum er þar um tækni- og iðngreinaþjónustu að ræða ásamt sérfræðiþjónustu og annarri sérhæfðri þjónustu.




Ef litið er til skiptingar eftir atvinnugreinum innan sveitarfélagsins kemur í ljós, að rúmur helmingur fyrirtækja eða 51% af heildarfjölda þeirra starfar í þessum sérhæfða geira og mynda iðn- og tæknigreinar að þessu leyti mikil-væga stoð í atvinnulífi sveitarfélagsins.


Þá fellur tæpur þriðjungur fyrirtækja undir ferðaþjónustu, verslun eða veitingastarfsemi, 9% heyrir undir sjávarútveg, 2% undir landbúnað og 7% undir aðra þjónustu, s.s. í heilsugæslu, heilbrigðisþjónustu og fræðslu- og menntamálum.

Vægi tækni- og iðngreina kemur berlega í ljós þegar starfsfólki 20 stærstu fyrirtækjanna í Fjarðabyggð er skipt upp eftir starfsgreinum. Störf í útgerð, fiskvinnslu og rannsóknir og þróun innan sjávarútvegsgeirans hafa í þeim efnum vinninginn með á sjötta hundrað starfsmenn. Við stóriðju starfa um 470 manns og starfsmenn í iðn- og tæknigreinum eru hátt í 400 talsins. Hlutfallslegt vægi útgerðar, fiskvinnslu og R&P nemur því um 37%, stóriðju 33% og iðn- og tæknigreina 24%. Hluttur sérfræðiþjónustu hjá 20 stærstu fyrirtækjunum í Fjarðabyggð nemur 6%, s.s. verkfræðinga og annarra langskólageinginna starfsstétta.




Starfsgreinaskipting 20 stærstu fyrirtækja






Ferðþjónusta hefur aukist hratt að umfangi á undanförunum misserum. Á það jafnt við um sveitarfélögin á Austurlandi og í öðrum landshlutum samfara örri fjölgun ferðamanna.

Ferðþjónusta er þó almennt því marki brennd að nýting gistirýmis er tiltölulega lág, að höfuðborgarsvæðinu undanskildu. Nýtingarhlutfallið er lægst á Vestfjörðum og á Austurlandi, eða um 40%, þrátt fyrir umtalsverða aukningu á síðustu árum.



Það einkum nýtingu á lágönn sem vantar upp á. Yfir háönnina í júní, júlí og ágúst er hlutfallið um og yfir 90%. Þetta háa hlutfall hefur þrýst á um aukið framboð gistirýma, sem hefur aukist um tæpan helming frá árinu 2009 í landsfjórðungnum. Þá hefur fjöldi gistinátta næstum tvöfaldast frá árinu 2008, voru um 400 þús. talsins árið 2013.

Í Fjarðabyggð hefur þessi jákvæða þróun m.a. leitt til þess að tvö ný hótel tóku til starfa á milli árána 2013 og 2014, annars vegar á Norðfirði og hins vegar á Fáskrúðsfirði, auk þess sem veitinga- og gistaðilar á Eskifirði og Reyðarfirði hafa fært út kviarnar. Heildargistirými nam 694 á árinu 2014 og hafði þá nær tvöfaldast frá árinu 2012.



Þá hefur komum fjölgað stöðugt til Port of Eskifjörður, skemmtiferðaskipahafnar Fjarðabyggðar. Þjónusta við þennan markað hófst sumarið 2013, með móttökuaðstöðu á Eskifirði. Á árinu 2014 hafði hlutdeild hafna á Austurlandi aukist á landsvísu um 50% eða úr 6% af heildarkomum skemmtiferðaskipa í 9%.

Vinnumarkaður

Íbúar í Fjarðabyggð voru á árinu 2014 ríflega 4.700 talsins. Þar af voru 2.824 vinnubærir á aldrinum 18 til 69 ára, eða 1.217 konur og 1.607 karlar. Atvinnuþátttaka nam 98% af vinnubæru fólki.

Vinnumarkaðurinn skiptist þannig eftir kyni að konur voru 43% og karlar 57%.


Um 2% voru án atvinnu á árinu 2014 og hafði þetta hlutfall lækkaði í lok ársins um 1 prósentustig frá árinu 2013.

Hlutfall atvinnuleitenda á meðal kvenna var nokkru hærra en hjá körlum eða 74%. Hlutfall karla var 26%.


Nokkur fjöldi fyrirtækja hóf starfsemi í Fjarðabyggð á árunum 2008 til 2014. Rúmur þriðjungur þeirra eða 36% fellur undir félagasamtök eða aðra þjónustustarfsemi, 14% undir landbúnað, skógrækt eða fiskveiðar og 10% undir fasteignaviðskipti. Hlutur heild- og smásöluverslunar og viðgerða á vélknúnum ökutækjum nemur 7%. Önnur fyrirtækjastarfsemi er 5% eða minna.

Á sama tímabili fóru 38 fyrirtæki í þrot. Tæpur þriðjungur þeirra eða 29% féll undir byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð, 24% undir gististaða- og veitingarekstur, 13% undir heild- og smásöluverslun eða viðgerðir á vélknúnum farartækjum og 13% sömuleiðis undir framleiðslufyrirtæki. Aðrar starfsgreinar voru 5% eða minna.


Fjöldi á vinnumarkaði




Skipting vinnumarkaðar eftir kyni




Atvinnuleitendur eftir kyni



Íbúðar- og atvinnuhúsnæði




Greining á lóðum, íbúðar- og atvinnuhúsnæðis byggir á framboði í árslok 2014 á lóðum sem eru tilbúnar til úthlutunar innan deiliskipulags svæði, heimtaugar, gatnagerðar og veitulagningar. Upplýsingar um framboð á leigumarkaði eru ekki tæmandi. Af heildarframboði falla tæp 40% undir íbúðarhús í sölu. Einbýlishúsalóðir eru 18% og atvinnuhúsnæðislóðir 12%. Atvinnuhúsnæði nemur 7% af heildarframboði.



Framkvæmdir og fjárfestingar




Umfangsmiklar framkvæmdir setja svip á sveitarfélagið. Stærsta einstaka verkefni A – hluta eignarsjóðs er á árinu 2015 að reisa nýjan leikskóla á Neseysi á Norðfirði. Áætlaður kostnaður er um 250 mió. kr. af 287.500 mió. kr. heildar fjárfestingaráætlum ársins 2015. Gert er ráð fyrir að leikskólinn verði tekinn í notkun á árinu 2016. Stærsta verkefni hafnarsjóðs á því ári er fjórði áfangi vegna stækkunnar Norðfjarðarhafnar, sem nemur 210 mió. kr. Að þessum síðasta áfanga loknum nemur heildarfjárfesting hafnarsjóðs í stækkun hafnarinnar um 800 mió. kr. Samanlagðar fjárfestingar A og B – hluta eignarsjóðs nema á árinu 2015 643.500 mió. kr. á árinu 2015 til 2018 gera áætlanir ráð fyrir tæpum 1.5 mia. kr. í fjárfestingar.



Til viðbótar þeim verkefnum sem fjallað er um hér til hliðar, má nefna Hulduhlið, nýtt hjúkunarheimili á Eskifirði sem tekið var í notkun 18. okt. 2014. Einnig ofanflóðavarnir á Fáskrúðsfirði sem lokið verður við á árinu 2015 og fela í sér grjótstíflu, þvergarð, leiðigarð og útivistarsvæði með áningarstöðum og skógrækt. Þá lauk endurbótum á smábátahöfn á Fáskrúðsfirði sumarið 2014. Kostnaðarhlutdeild sveitarfélagsins er 15% vegna ofanflóðavarna og 10% vegna hjúkunarheimilisins. Norðfjarðargöng eru fjármögnuð af ríkissjóði. Önnur verkefni eru fjármögguð af sveitarsjóði.

Stækun Norðfjarðarhafnar

Viðlegu rými aukið, athafnasvæði innan hafnar stækkað.




Leikskóli á Nesityri Norðfirði

Nýr átta deilda leikskóli fyrir allta að 160 börn við Nesityri 14. Verklök eru áætluð árið 2016. Kostnaðaráætlun er um 480 mió. kr.



Frönsku húsin á Fáskrúðsfirði

Endurgerð 5 húsa frá því um 1900 lokið í júlí 2014. Nýbygging með 21 hótélrymi lýkur á árinu 2015. Áætlaður framkvæmdaskostnaður um 1 mia. Kr.



Snjóflóðavarnir Tröllagili Norðfirði

Framkvæmdum við leiðigarð, þvergarð og keilur lokið haustið 2014. Útivistarsvæði, minnisvarða og uppgræðslu lokið 2015.



Norðfjarðargöng

Jarðgöngin liggja á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar. Með vegskálum verða göngin rúmlega 7 km að lengd. Verklök eru áætluð haustið 2017. Áætlaður framkvæmdaskostnaður er um 11 mia. kr.

Samgöngur og fjarlægðir

Vegasamgöngur til Fjarðabyggðar eru um Norðfjarðarveg (92), sem liggur frá Egilsstöðum til Norðfjarðar um Reyðarfjörð og Eskifjörð og Suðurfjarðarveg (93), sem liggur frá Breiðdalsvík til Reyðarfjarðar í gegnum Stöðvarfjörð og Fáskrúðsfjörð.



Fáskrúðsfjarðargöng eru 5.850 m. löng göng sem liggja á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Norfjarðargöng sem tengja saman Eskifjörð og Norðfjörð verða opnuð haustið 2017 samkvæmt framkvæmdaáætlun Vegagerðarinnar.




Full vetrarþjónusta er á þeim þjóðvegum sem liggja til Fjarðabyggðar og á milli bæjarkjarna, að Mjóafirði undanskildum. Þá þjónustar sveitarfélagið götur innan bæjarkjarna á vetrum. Ferjubátur gengur á milli Norðfjarðar og Mjóafjarðar tvisvar í viku allan ársins hring.

Áætlunarferðir Strætisvagna Austurlands (SVAust) skiptast í sumar- og vetraráætlanir. Áætlunarferðir Strætisvagna Austurlands, skiptast í sumar- og vetraráætlanir. Strætisvagnaferðir eru morgna og síðdegis á milli Egilsstaðarflugvallar og Fjarðabyggðar allan ársins hring virka daga.

Egilsstaðarflugvöllur er alþjóðlegur flugvöllur. Flugskilyrði eru ákjósanleg og frávik frá flugáætlunum með minnsta móti eða að jafnaði 1% - 2% á ári. Umferð um flugvöllinn sveiflast nokkuð á milli ára. Farþegafjöldi jókst tímabundið í samanburði við aðra innanlandsflugvelli um miðjan síðasta áratug samhliða framkvæmdatíma vegna Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði.

Áfangastaðir	Km	Viðmið
Reyðarfjörður – Egilsstaðir	34 km	25 mín.
Reyðarfjörður – Eskifjörður	14 km	12 mín.
Eskifjörður – Norðfjörður	29 km	25 mín.
Reyðarfjörður – Fáskrúðsfjörður	21 km	20 mín.
Fáskrúðsfjörður- Stöðvarfjörður	27 km	20 mín.
Reyðarfjörður - Mjóifjörður	55 km	90 mín.
Reyðarfjörður – Akureyri	297 km	4 klst.
Egilsstaðarflugvöllur- Reykjavíkflugvöllur		1 klst.





Lykiltölur í rekstri

Forsendur fjárhagsáætlunar 2015. Þjónustugjaldskrár breytast almennt um 3,4%. Gjaldskrá leikskóla óbreytt (frá 2012) Skólamáltíðir í grunnskólum lækka um 5%. Afsláttur milli frístundaheimila og leikskóla. Sorphirðu- og sorpförgunargjöld hækka um 6,4%. Hagræðingaraðgerðir eða breyting í rekstri

Markmið fjárhagsáætlunar 2016:

Að ná skuldum Fjarðabyggðar niður fyrir viðmiðunarmörk sveitarstjórnarlaga, þ.e 150% af tekjum.

Að taka ekki ný lán. Að sýna áfram aðhaldssemi í rekstri.

Að halda áfram að standa vörð um lögbundna þjónustu með sérstaka áherslu á fræðslu- uppeldis- og æskulýðsmálum.

Að vera viðbúin frekari uppbyggingu á atvinnustarfsemi í Fjarðabyggð.